



# Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 25. árg.

September 2010



Starfsfólk og sjálfboðaliðar þess fjölbreytta starfs sem fram fer í Glerárkirkju hittust að vanda á haustfundi ásamt fulltrúum sóknarnefndar, prestum og djákna kirkjunnar.

- Ljósmynd: Myndrún/Rúnar Þór

## Takturinn í samfélaginu

Ungur, ríkur maður kom til Jesú og spurði hann hvað hann gæti gert til að öðlast hið eilífa líf. Svar Jesú var afdráttarlaust: „Eins er þér vant. Far þú, sel allt sem þú átt og gef fátækum og munt þú fjársjóð eiga á himni. Kom síðan og fylg mér.“ (*Markús 10:21*) En þessi ungi maður varð dapur í bragði við þessi orð og fór burt hryggur enda átti hann miklar eignir. Það er átak að ætla að ganga í takt við það samfélag sem Jesú hvetur okkur til að byggja upp. Hann spyr hvar hjarta okkar slær, vill að við leyfum því að slá í takt við þá sem minna mega sín en ekki í takt við auðvaldið.

En það eru ekki bara ungir, ríkir menn sem eiga í erfiðleikum með að takast á við þá áskorun að fylgja Jesú Kristi einum. Kirkjan sjálf á í þessum erfiðleikum. Ég fæ ekki betur séð en að okkur sem erum kirkjan, hætti allt of oft til að byggja hallir í stað þess að sinna fólki, þjóna þá sem græðgin stjórnar í stað þess að slá þann búsáhaldatakt sem krefst jafnræðis á meðal mannfólksins. Fjöldi fólks tók þátt í göngum síðasta laugardag til að minna okkur öll á að sú jafna staða á ekki að nema staðar við manngerð landamæri. Guð skapaði heiminn allan, ekki bara Ísland. Manneskjan, hvar sem hún er fædd, hver sem litarháttur hennar er, stjórnmálaleg eða trúarleg afstæða hennar er, er gerð í Guðs mynd, Guð elskar hana og Jesú hvetur hana til samfylgdar við sig í uppbyggingu á samfélagi

mannúðar og samstöðu. Slíki uppbyggingu fylgir að borðum víxl-aranna sé velt (*Markús 11:15*), mammón kveðinn í kútinn og að við sem syndgað höfum iðrumst synda okkar.

Ungi ríki maðurinn stóð á krossgötum, hafði val um að fylgja Jesú eða ekki. Við stöndum á tímamótum uppgjors við fortíðina því við viljum nýja og betri framtíð fyrir þau sem erfá landið. Það er sársaukafullt uppgjör og nær langt út fyrir ramma peningamállanna sem hér eru nefnd að ofan. Við viljum nýtt og breytt siðferði þar sem spurt er hversu uppbyggilegar þær ákvarðanir sem teknar eru af hinum ýmsu aðilum þjóðfélagsins séu fyrir samfélagið í heild. Við viljum öðru vísi samspil við náttúruna þar sem skammtímagræðgi stórfyrirtækja fær ekki ráðið heldur langtímasjónarmið þeirra sem búa hér um ókomna framtíð. Við viljum breytta starfshætti embættis- og stjórnmálamanna þar sem þeir starfa með fólkinu í stað þess að stjórna ofan af stalli. Við viljum útrýma hvers konar ofbeldi og þökkum hverjum þeim sem orðið hefur fyrir ofbeldi og stígur fram og bendir á þann sem sekur er, því það er hlutverk kirkju og samfélagsins alls að standa með þeim sem ofbeldi eru beittir. Fyrsta skrefið er að krjúpa á kné við fætur frelsarans og láta af hvers konar græðgi og girndum og biðja hann að fylla hjörtu okkar heilögum anda.

Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni.

*Fagnid með fagnendum, grátid með grátendum.* (Rómverjabréfið 12:15).



Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir var formlega sett inn í embætti prests við Glerárkirkju og hún boðin velkomin sunnudaginn 20. júní. Með henni á myndinni eru sr. Hannes Örn Blandon prófastur og sr. Gunnlaugur Garðarsson sóknarprestur í Glerárkirkju.

## 12 spora fundir Mannrækt öllum opin

12 spora starfið er hafið í Glerárkirkju. Í vetur verður starfið á miðvikudagskvöldum klukkan átta. Enn er hægt að bætast í hópinn en í október verður skipt endanlega upp í minni trúnaðarhópa og því um að gera að drífa sig og vera með. Engin skráning er nauðsynleg, allir velkomnir, bara að mæta á næsta miðvikudagskvöld í safnaðarsalinn í Glerárkirkju. Nánari upplýsingar gefa þær Heidi-rún (862-4703), Anna (699-7627) og Inga (461-1142) á milli kl. 18:00 og 20:00.

## Fjölbreytt starf fyrir börn og unglinga

Glerárkirkja stendur fyrir vönduðu og fjölbreyttu barna- og unglingastarfi sem fræðast má nánar um á vef kirkjunnar, [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is). Einnig gefur Pétur Björgvin djákni gjarnan nánari upplýsingar um starfið í síma 464 8807 og 864 8451. Eins og yfirlit yfir vikudagskrá Glerárkirkju hér á opnunni gefur til kynna þá er boðið upp á eitthvað fyrir alla aldurshópa, meðal annars Æskulýðsfélög fyrir unglingana, svokallað TTT starf fyrir þau sem eru í fimmta til sjöunda bekk og kirkjuskóla fyrir yngri grunnskólakrakkana auk þess sem sunnudagskólinn er á sínum stað.

## Foreldramorgnar á fimmtudögum

Foreldramorgnar eru alla fimmtudagsmorgna í Safnaðarsal Glerárkirkju frá 10:00–12:00. Boðið er upp á léttan morgunverð á vægu verði. Foreldramorgunn er tilvalinn staður fyrir foreldra sem eru heima fyrir hádegi með ung börn. Þar gefst tækifæri til að kynnast öðrum foreldrum og hjálpa barninu að taka sín fyrstu skref í leik við jafnaldra sína. Öðru hvoru er boðið upp á fræðslu. Í mars 2011 höldum við upp á 20 ára afmæli foreldramorgna í Glerárkirkju, sem hafa gengt nokkrum nöfnum gegnum tíðina. Oftast er talað um mömmumorgna (enda flest sem mæta mömmur) en til að gæta jafnræðis þá veljum við nú að tala um foreldramorgna (því okkur langar að sjá pabba). Til gamans má geta að á tímabili hétu þeir kynslóðamorgnar því nokkrar ömmur voru duglegar að mæta með barnabörnin (þær eru velkomnar sem fyrr, og afar líka)!

## Kórastarf fyrir grunnskólaaldurinn

Barnakór Glerárkirkju æfir á mánudögum frá 15:00 til 16:00 undir stjórn Hjördísar Evu Ólafsdóttur. Kórinn er opinn börnum úr öðrum til fimmta bekk. Þar er hægt að eignast vini, læra ný lög og æfa hin enn betur. Barnakórinn kemur fram einu sinni í mánuði í kirkjunni og við stöku önnur tækifæri.

Æskulýðskór Glerárkirkju æfir á mánudögum frá 17:30 til 19:00 undir stjórn Olgu Ásrúnar Stefánsdóttur. Kórinn er opinn börnum og unglingum úr sjötta bekk og eldri. Að syngja í kór er góður félagsskapur og frábær undirbúningur til dæmis fyrir frekara tónlistarnám. Æskulýðskórinn kemur fram einu sinni í mánuði í kirkjunni og við ýmis önnur tækifæri. ATH: Aðalfundur foreldrafélagsins verður að lokinni fjölskylduguðsþjónustu þann 31. október.



Þrjár erlendir sjálfboðaliðar starfa um þessar mundir í æskulýðsstarfi Glerárkirkju. Það eru þær Maïke Schäfer, Klaudia Mígdal og Jessica Devergnies-Wastraete.

## Kvenfélagið Baldursbrá

Kvenfélagið Baldursbrá sendir lesendum safnaðarblaðsins kærar kveðjur um leið og við minnum á að gaman væri að fá fleiri konur til liðs við okkur. Okkar aðalstarf er að láta gott af okkur leiða og gefa fé í góð málefni. En til þess þarf margar góðar og förmúsar hendur. Við höfum alla okkar starfsaðstöðu í Glerárkirkju sem er ómetanlegt fyrir okkur. Á fimmtudagskvöldum frá kl. 19-21 komum við saman í salnum niðri í kirkjunni og spjöllum saman og erum með handavinnu með okkur, þær sem það vilja. Þangað eru allar konur velkomnar. Félagsfundir eru einu sinni í mánuði og þar reynum við að vera bæði með skemmtun og fróðleik. Við höfum tekið á þessu ári myndarlegan þátt í 80 ára afmælisgjöf Kvenfélagasambands Íslands og þrjónað húfur handa börnum sem fæðst hafa á þessu ári. Það munu vera um 5.000 börn sem fá húfur að gjöf á þessu ári.

Allar nánari upplýsingar um Kvenfélagið Baldursbrá má svo fá hjá núverandi formanni þess *Snjólaugu Ósk* í síma 462-1509 eða með því að senda póst á netfangið [snjolaugosk@simnet.is](mailto:snjolaugosk@simnet.is)





Frá vortónleikum Kórs Glerárkirkju 18. apríl 2010.

## Kór Glerárkirkju

Starf Kórs Glerárkirkju hefur verið lífligt á árinu. Á vordögum hélt kórin tónleika með Söngfélaginu Sálubót í Glerárkirkju og í Borgarhólsskóla á Húsavík. Þetta var afar ánægjulegt samstarf og viljum við þakka félögum í Sálubót og stjórnanda kórsins Jaan Alavere kærlega fyrir samveruna og samvinnuna.

Æfingar hófust að loknu sumarleyfi þann 2. september og nú er æft af kappi fyrir kórahátíð í Hofi, hinu nýja og glæsilega menningarhúsi okkar Akureyringa. Hátíðin verður þann 23. október. Þar munu fjölmargir kórar af Norðurlandi koma fram og verður þétt dag-

skrá allan daginn. Þegar þessi mikla hátíð er yfir staðin munu kórfélagar einbeita sér að æfingum fyrir árlega jólatónleika sem að þessu sinni verða 19. desember. Þær æfingar hefjast með æfingarhelgi um mánaðamótin október - nóvember.

Kórnum, þar sem nú eru 40 félagar, er skipt í tvo messuhópa sem syngja til skiptis við messur. Æfingar kórsins eru á fimmtudögum frá 20-22 og á sunnudagsmorgnum kl. 10-11 hjá þeim hópi sem syngur við messu þann daginn.

Við viljum mjög gjarnan bæta við okkur félögum í karlaraddir og erum sérstaklega á höttunum eftir tenörum.

Áhugasamir hafi samband við Valmar Våljaots, stjórnanda kórsins í síma 849-2949 eða sendi honum netpóst á: [valmar@glerarkirkja.is](mailto:valmar@glerarkirkja.is)

Með kærri kveðju frá stjórnanda og félögum í Kór Glerárkirkju :o)

**Umræðukvöld:**  
**„Fylgjum kindagötunni fyrst hún er þarna“**

Á mánudagskvöldum í október og nóvember standa Eyjafjardarprófastsdæmi og Glerárkirkja fyrir umræðukvöldum í safnaðarsal Glerárkirkju undir yfirskriftinni „Fylgjum kindagötunni ... fyrst hún er þarna.“ Leitað er svara við spurningunni hvert þjóðkirkjan sé að fara, hvort þar ræði stefnumótun eða stefnuleysi, en stefnumótunarskjal kirkjunnar frá 2003 rennur út á þessu ári og því tími til kominn að spyrja um framhaldið.

Á fyrsta umræðukvöldinu þann 11. október mun sr. Jón A. Baldvinsson, vígslubiskup á Hólum í Hjaltadal flytja erindi. Í erindi sínu gefur biskupinn yfirlit yfir helstu verkefni og áskoranir kirkjunnar frá sínu sjónarhorni og í ljósi stefnumótunar kirkjunnar. Þátttaka er ókeypis en tekið er á móti frjálsum framlögum í kaffisjóð. Nálgast má bækling í Glerárkirkju og skoða nánari kynningu á vef prófastsdæmisins [www.kirkjan.is/eyjafjardarprofastsdaemi](http://www.kirkjan.is/eyjafjardarprofastsdaemi) og á vef kirkjunnar, [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is)

## Vikan í Glerárkirkju

### Mánudagur

15:00-16:00 Æfingar Barnakórs Glerárkirkju (2. til 5. bekkur)  
 17:30-19:00 Æfingar Æskulýðskórs Glerárkirkju (6. bekkur og eldri)  
 20:00-22:00 Umræðu- og fræðslukvöld (hefjast 11. október)

### Þriðjudagur

13:15-14:15 Fermingarfræðsla, Síðuskóli, hópur A  
 15:00-16:00 Fermingarfræðsla, Glerárskóli, 8. FP  
 16:30-18:00 Kirkjuskólinn (1. til 4. bekkur, hefist 5. október)  
 20:00-22:00 æskulýðsfélagið Glerbrot (9. og 10. bekkur)

### Miðvikudagur

12:00 Hádegissamverur í kirkjunni: Altarisganga og fyrirbæni.  
 13:15-14:15 Fermingarfræðsla, Glerárskóli, 8. SM  
 14:15-15:15 Fermingarfræðsla, Giljaskóli, 8. IDS

15:15-16:15 Fermingarfræðsla, Síðuskóli, hópur B  
 16:30-18:00 TTT starfið (5. til 7. bekkur, hefist 6. október)  
 20:00-22:00 Tólf spora starf

### Fimmtudagur

15:00-16:00 Giljaskóli, 8. BK”  
 15:00-16:30 Samverur eldri borgara 14. okt., 18. nóv. og 16. des.  
 16:30-18:00 æskulýðsfélagið Glerbrot junior (8. bekkur)  
 20:00-22:00 æfingar Kórs Glerárkirkju


### Föstudagur

13:30-15:00 æfingar hjá Leikklúbbum Undrun (10. bekkur)  
 20:00-22:00 KNS (Framhaldsskóla-klúbburinn) hittist í Félagsheimili KFUM og KFUK í Sunnuhlíð.

### Sunnudagur

Upplýsingar um belgibald á sunnudögum er að finna á bakblíð blaðsins.

# Helgihald í Glerárkirkju á haustdögum 2010



## 26. september

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Barnakór Glerárkirkju og Æskulýðskór Glerárkirkju syngja undir stjórn Olgu. Undirleikari er Risto Laur. *Sunnudagaskóli* á sama tíma, sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.
- ★ **ATH:** Að guðsþjónustu lokinni er foreldrum fermingarbarna boðið upp á létt spjall um fræðslustarfið yfir kaffibolla í safnaðarsal.
- ★ **Kvöldguðsþjónusta kl. 20:30.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots.

## 3. október

- ★ **Messa kl. 11:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots. *Sunnudagaskóli* á sama tíma, sameiginlegt upphaf í messu.

## 10. október

- ★ **Messa kl. 11:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots. *Sunnudagaskóli* á sama tíma, sameiginlegt upphaf í messu.
- ★ **Kvöldguðsþjónusta með Krossbandinu kl. 20:30.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

## 17. október

- ★ **Messa kl. 11:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots. *Sunnudagaskóli* á sama tíma, sameiginlegt upphaf í messu.
- ★ **Guðsþjónusta kl. 13:30** í tilefni af landsmóti æskulýðsfélaga sem fer fram á Akureyri. Nánar auglýst í dagskrárhefti mótsins.

## 24. október

- ★ **Messa kl. 11:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots. *Sunnudagaskóli* á sama tíma, sameiginlegt upphaf í messu.

- ★ **Taizéstud kl. 20:30.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Mikill almennur söngur – allt sálmar frá Taizé í Frakklandi (<http://www.taize.fr>) Organisti er Valmar Völjaots.

## 31. október

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00.** Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjónar. Barnakór Glerárkirkju og Æskulýðskór Glerárkirkju leiða söng undir stjórn Hjördísar. Undirleikari er Risto Laur. Marimbaveitin Kutamba leikur á undan og eftir guðsþjónustunni. *Sunnudagaskóli* á sama tíma, sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.

## 7. nóvember

- ★ **Messa kl. 11:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots. *Sunnudagaskóli* á sama tíma, sameiginlegt upphaf í messu.

## 14. nóvember

- ★ **Messa kl. 11:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots. *Sunnudagaskóli* á sama tíma, sameiginlegt upphaf í messu.
- ★ **Kvöldguðsþjónusta með Krossbandinu kl. 20:30.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar.

## 21. nóvember

- ★ **Messa kl. 11:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan safnaðarsöng undir stjórn Valmars Völjaots. *Sunnudagaskóli* á sama tíma, sameiginlegt upphaf í messu.

## 28. nóvember - fyrsti sunnudagur í aðventu

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11:00.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Barnakór Glerárkirkju og Æskulýðskór Glerárkirkju leiða söng undir stjórn Hjördísar. Undirleikari er Risto Laur. *Sunnudagaskóli* á sama tíma, sameiginlegt upphaf í guðsþjónustunni.
- ★ **Kvöldmessa kl. 20:30.** Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan söng.

MUNIÐ hádegissamverurnar alla miðvikudaga kl. 12:00.

Samverur eldri borgara verða fimmtudagana 14. október, 18. nóvember og 16. desember

## Glerárkirkja

### Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 4627676 (heima) og 864 8455 (gsm). Netfang: [gunnlaugur@glerarkirkja.is](mailto:gunnlaugur@glerarkirkja.is)

### Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm). Netfang: [arna@glerarkirkja.is](mailto:arna@glerarkirkja.is)

### Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864 8451 (gsm). Netfang: [petur@glerarkirkja.is](mailto:petur@glerarkirkja.is)

## Starfsfólk Glerárkirkju

Umsjónarmaður er **Sverrir Pálmason**. Hann er við á virkum dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju), 462 2491 (heima) og 864 8453 (gsm). Netfang: [sverrir@glerarkirkja.is](mailto:sverrir@glerarkirkja.is) Organisti er **Valmar Völjaots**. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og 849 2949 (gsm). Netfang: [valmar@glerarkirkja.is](mailto:valmar@glerarkirkja.is)

Kirkjuverðir eru **Sigríður Albertsdóttir**, gsm 847 9025 og **Jón Oddgeir Guðmundsson**, gsm 894 4301.

Umsjón með eldhúsi hefur **Sigurros Anna Gísladóttir**, gsm 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Glerárkirkju er að finna á [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is)

Glerárkirkja: Sími 464 8800 – Fax: 464 8809 – [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is) – [glerarkirkja@glerarkirkja.is](mailto:glerarkirkja@glerarkirkja.is)

